

Upplýsingarnefndir – verklag

Leiðbeiningar um verklag kynninga á AA samtökunum og bataleiðum þeirra í tengslum við fundi og ráðstefnur stofnana og félagsamtaka:

1. Beiðnum sem berast Landsþjónustunefnd eða skrifstofu hennar, um kynningar á AA samtökunum og bataleiðum þeirra, er vísað til Upplýsingarnefndar LNP (ULPN) sem sér um að fela hæfum aðila verkefnið, eða sér um það sjálf.
2. Slík verkefni sem berast staðbundnum upplýsingarnefndum leysa þær sjálfar, nema þær telji að betra sé að ráðfæra sig við ULPN (t.d. þegar um er að ræða nafnleyndarbrot og/eða stóru fjölmiðlarnir eiga í hlut).
3. Upplýsingarnefndir hafa frumkvæði að því að upplýsa almenning og fagfólk um AA samtökin eins og mælst er til í Þjónustuhandbók (Workbooks/Guidelines).
4. Beiðnum um kynningar á AA samtökunum og bataleiðum þeirra, er berast frá stofnunum, eða samtökum, sem helga sig meðferð alkóhólista, er ætíð reynt að sinna. Sé farið fram á að AA samtökin manni kynningabás í tengslum við fundi, eða ráðstefnur, sem slíkar stofnanir, eða samtök, standa fyrir [halda], er reynt að verða við því.
5. Öllum „óvenjulegum“ eða vafasömum beiðnum um kynningar er beint til ULPN, sem tekur ákvörðun um þátttöku samtakanna í slíkum kynningum.

Upplýsingarnefnd LPN er undirnefnd landsþjónustunefndar.

Hlutverk upplýsingarnefndar LPN er að styðja staðbundnar upplýsingarnefndir í starfi þeirra, miðla þeim og leiðbeina beint, eða óbeint, af reynslu, ekki síst með tilliti til erfðavenja. Þetta felur m.a. í sér að útvega þeim upplýsingarefni til dreifingar, þar sem það á við.

Fyrir utan upplýsingarnefnd LPN starfa staðbundnar upplýsingarnefndir, sem eru skipaðar af samstarfsnefndum og/eða hverfis- og svæðisnefndum, til þess að veita upplýsingum til almennings um bataleið AA samtakanna og hverju hún getur áorkað hjá alkóhólista.

Við þessa upplýsingagjöf er stuðst við leiðbeiningar Aðalskrifstofu samtakanna í New York (Public Information Workbook) sem samþykktar voru á heimsþingi samtakanna (U.S./Canada) og gefnar út 1994 í New York.

Staðbundnu upplýsingarnefndirnar mynda einnig tengsl við fagfólk á staðnum og viðhalda tengslum við það (heilsugæslulækna, sjúkrahúslækna, presta, löggæslu, stjórnendur skóla o.s.frv.) svo og stjórnendur stórra vinnustaða, Oddamenn staðbundinna upplýsingarnefnda starfa í nánú samstarfi við upplýsingarnefnd LPN.

Þeir sem standa fyrir kynningu á AA samtökunum og bataleiðum þeirra þurfa að hafa öðlast traustan grunn undir allsgáð líf, hafa góða þekkingu á AA samtökunum og þá sérstaklega erfðavenjunum þeirra.

Þeir gæta þess ávalt að mæta tímanlega, að líta vel út þ.e. vera snyrtilega klæddir og sýna góða framkomu.

Á stórum og fjölmennum ráðstefnum þar sem kynning fer fram er stefnt að því að einnig sé með Ei alki, sem kemur frá Landsþjónustunefnd eða upplýsingarnefnd LPN.

Kynningar á AA samtökunum og bataleiðum þeirra innihalda eftirfarandi atriði, eftir því sem við á og við verður komið í hverju tilfelli, ýmist í töluðu eða prentuðu máli:

- Kynningin ber boðskap AA samtakanna og hvað samtökin standa fyrir og hvað þau eru ekki. (Sjá heimasíðu AA á Íslandi).
- Lesa upp og skýra út inngangsorð AA samtakanna.
- Kynna sporin tólf og hinar tólf erfðavenjur samtakanna, þó ekki hvert eða hverja fyrir sig heldur sem heild. Leggja þó sérstaka áherslu á 6., 8., 10 og 12. erfðavenjurnar.
- Við hverju er að búast í AA?
 - a) Hvernig fara hinir ýmsu fundir fram?
 - b) Kynna mismunandi fundaform AA samtakanna (opna/lokaða/speaker fundi o.s.frv.)
 - c) Hvað eru trúnaðarmenn (sponsorar)?
 - d) Hvernig eru tengsl félaga utan hefðbundinna AA funda?
- Kynna hvar og hvenær fundir eru haldnir með því að dreifa fundaskrá (ef það á við) og benda á símanúmer AA samtakanna.
- Útskýra hvaða rit og bækur eru gefnar út í nafni AA og að þær séu öllum aðgengilegar.
- Kalla eftir spurningum um AA og veitið svör við þeim. Hafa svörin einföld.
- Í kynningarbásum er best ef tólf spor og tólf erfðavenjur AA samtakanna hanga uppi ásamt inngangsorðum samtakanna.
Þar er fyrst og fremst lögð áhersla á að dreifa prentuðu kynningarefni um samtökin og bataleiðir þeirra og svara fyrirspurnum.
- Þakka fyrir hlustunina og heimsóknina í kynningarbásinn.
Slíta kynningunni.

Verklagstillögur samþykktar á LPN fundi í janúar 2009.